



## AGS spáir 7,4% verðbólgu í heiminum á árinu

*Samkvæmt nýrri verðbólguþá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa verðbólguhorfur í heiminum versnað verulega frá októberspá sjóðsins. Sjóðurinn gerir nú ráð fyrir 7,4% verðbólgu í heiminum á þessu ári borið saman við 3,8% spá sjóðsins frá því í október. Sjóðurinn spáir 5,7% verðbólgu í þróuðum ríkjum á árinu og verði sú spá að veruleika verður það mesta verðbólga í tæplega 40 ár. AGS gerir ráð fyrir 2,3% hagvexti í heiminum á árinu sem er aðeins lægra en í októberspá sjóðsins.*

Miklu meiri breyting hefur orðið á verðbólguþá sjóðsins en hagvaxtarspá frá því í október. Hluti af ástæðunni fyrir lækkun hagvaxtarspárinnar skýrist einfaldlega af meiri verðbólgu. Aukin verðbólga mun kalla á hærra vaxtastig sem dregur úr eftirspurn í hagkerfum heimsins. Aukin verðbólga mun einnig draga úr einkaneyslu vegna minni kaupmáttar en þau áhrif koma með beinum hætti niður á hagvexti.


### **Innrásin í Úkraínu mun hafa töluverð áhrif til aukinnar verðbólgu**

Verðbólga hefur farið stöðugt vaxandi á síðustu mánuðum og hefur innrásin í Úkraínu kynt undir enn verri verðbólguhorfum í gegnum hærra hrávöruverð á t.d. olíuafurðum og hveiti. Þessi verðbólguáhrif eiga enn að einhverju leyti eftir að koma fram hér á landi og erlendis. Spá sjóðsins fyrir verðbólgu í heiminum á árinu hljóðar nú upp á 7,4% sem er mun meira en þau 3,8% sem sjóðurinn spáði síðast í október. Verðbólgan verður einnig meiri á næstu árum en sjóðurinn spáði síðast. Nú spáir sjóðurinn 4,8% verðbólgu á næsta ári miðað við 3,3% í fyrri spá og 3,8% á árinu 2024 borið saman við 3,2% í fyrri spá.

### **AGS spáir mestu verðbólgu í þróuðum ríkjum í tæp 40 ár**


Sé litið til þróaðri ríkja spáir AGS 5,7% verðbólgu í ár og gangi sú spá eftir verður það mesta verðbólga í þróaðri ríkjum í tæplega 40 ár. Spáin fyrir Bandaríkin á þessu ári hljóðar upp á 7,7% verðbólgu en októberspá sjóðsins hljóðaði upp á 3,5% verðbólgu. AGS gerir ráð fyrir að hjöðnun

Verðbólga í heiminum og spá



Heimild: Macrobond

Verðbólga og spá



Heimild: Macrobond



verðbólgunnar í Bandaríkjunum verði töluvert hröð og að verðbólgan á næsta ári verði 2,9% sem er einungis 0,2 prósentustigum meira en síðasta spá sjóðsins fyrir það ár. Verðbólga í evruríkjum verður 5,3% á þessu ári ef spá sjóðsins gengur eftir borið saman við 1,7% spá frá því í október. Hjöðnun verðbólgunnar í evruríkjum verður aðeins hægari en sjóðurinn gerir ráð fyrir að verðbólga á evrusvæðinu verði komin niður í 1,8% árið 2025 sem verði ögn hærra en í síðustu spá. Spá sjóðsins fyrir verðbólgu í Rússlandi hefur aukist mikið enda rúblan veikst mikið gagnvart öðrum gjaldmiðlum. AGS spáir núna 21,3% verðbólgu í Rússlandi á þessu ári og 14,3% á næsta ári. Sjóðurinn spáði áður 6,8% verðbólgu á þessu ári og 1,6% verðbólgu á því næsta.


### **AGS spáir 6,9% verðbólgu hér á landi á árinu**

Hækkun á verðbólguþáttum fyrir heiminn mun hafa áhrif hér á landi enda stór hluti neyslukörfunnar innfluttur. AGS spáir því að verðbólga hér á landi verði 6,9% á þessu ári og 5,5% á næsta ári. Sjóðurinn spáir svo 3,7% verðbólgu árið 2024 og að verðbólgan verði 2,6% árið 2025 og þar með rétt yfir verðbólguþáttmiðinu.

### **AGS spáir 3,3% hagvexti hér á landi á árinu**


AGS spáir 3,3% hagvexti hér á landi á þessu ári og 2,3% hagvexti á hverju ári á árabílinu 2023-2025. Sjóðurinn spáir miklum vexti útflutnings á árinu og að hann aukist um 16,4%. Sá mikli vöxtur mun skýrast fyrst og fremst af miklum vexti í ferðaþjónustu en AGS spáir því að vöruútflutningur muni einungis aukast um 2,9% á árinu. Hóflægur hagvöxtur á árinu þrátt fyrir mikinn vöxt útflutnings skýrist af því að AGS spáir fyrir um mikinn vöxt innflutnings en spáin hljóðar upp á 13,7% aukningu.

### **Verðbólguþáttur fyrir Ísland og helstu viðskiptalönd**



Heimild: Macrobond

### **Spá AGS fyrir Ísland**



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.